

163. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 8. febrúar 2023 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir Skúli Björn Gunnarsson, Sigrún Birna Björnsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Þuríður Lillý Sigurðardóttir og Magnús Jónsson sem var á Teams. Auk þessu mættu áheyrnarfulltrúarnir Fjóla Orradóttir f.h. foreldra, Kristín Matthildur Úlfarsdóttir f.h. nemenda og Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 162. fundar undirrituð og staðfest.
2. Gangurinn í starfinu og félagslífi.
3. Starfsmannamál vorannar.
4. Fjárhagshorfur næstu ára.
6. Önnur mál.

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 162. fundar undirrituð og staðfest

Fundargerð 162. fundar var undirrituð og staðfest.

2. Gangurinn í starfinu og félagslífi

Skólameistari sagði frá starfinu. Haustönn gekk vel, 25 útskrifuðust. Dregið var verulega niður í viðurkenningaveitingum í samræmi við umræðu innanhúss og í sumum öðrum skólum. Dúxinn er nafngreindur en ekki verða lengur afhentar viðurkenningar fyrir einstaka fög. Umræða varð um þetta og þessi þróun almennt talin vera góð. Vorönn hefur farið vel af stað en fjarverur vegna veikinda hafa sett aðeins strik í reikninginn. Kristín Matthildur sagði frá starfi NME sem hefur gengið með ágætum. 1. des. var haldinn hátíðlegur með mat og skemmtun. Leikritið Mamma mia verður frumsýnt 15. febrúar í Sláturhúsinu. Leikstjórinn er María Pálsdóttir og hefur hún unnið fína vinnu. Nemendafélagið hefur lagt fyrir könnun um hvað nemendur vilja gera. Framundan eru viðburðir. Barkinn verður í mars. Í næstu viku verður opinn dagur. Hann endar með nemendasýningu leikfélagsins. Farið verður á skíði og fleira gert. Nám og kennsla gengur almennt vel. Dagskólanemendur eru um 200 og fjarnemendur um 350. Skólakynningar fara fram þessa dagana, þá fara námsráðgjafi og ýmist áfangastjóri eða skólameistari í efstu bekkí grunnskólanna á Austurlandi ásamt nemendum úr heimaskólunum. Starfsmenn munu fara í kynningarferð í Menntaskólann á Tröllaskaga í næstu viku, fimmtudag og föstudag. Starfsmenn stefna einnig að því að fara til Boston vísindaferð síðustu vikuna í maí. Útskrift verður 20. maí. Skólinn er orðinn Erasmuskóli þar sem umsókn hefur verið samþykkt. AFS er komið í Erasmus og hefur boðið ME ásamt þremur öðrum framhaldsskólum, að senda nemendur út þeim að kostnaðarlausu, frí nemendaskipti. Skólapúlsinn kom nokkuð vel út að flestu leyti. Skoða þarf bresti í samskiptum sem niðurstöður sýndu að væru fyrir hendi, þar á meðal ofbeldi og kynferðisleg áreitni. Hugsaðar hafa verið leiðir til að vinna í málinu. Vakin hefur verið athygli á hjálparhnappi á heimasíðunni og 112.

3. Starfsmannamál vorsins

Stefanía Ósk Sveinbjörnsdóttir hefur verið í sjúkraleyfi frá því í ágúst en því lýkur í apríl. Magnús Helgason er einnig í sjúkraleyfi og verður fram á vorönn. Sigríður Lára Sigurjónsdóttir hefur leyst af. Hildur Bergsdóttir hefur verið í veikindaleyfi frá því 15. nóvember. Erla Jónsdóttir hefur verið ráðin sem ráðgjafi fram á vor. Jóhann Hjalti Þorsteinsson verður í veikindaleyfi í febrúar en Hreimur Hreinn Árnason leysir hann af. Einnig er Ólöf Björk Bragadóttir farin í veikindaleyfi. Heiðís Halla Bjarnadóttir og Fjölur Björn Hlynsson munu

leysa hana af, amk. það sem af er þessari spönn. Viðar Örn Hafsteinsson er í fæðingarorlofi á vorönn en Thelma Björk Snorradóttir leysir hann af.

4. Fjárhagshorfur næstu ára

Hallinn árið 2022 verður um 50 milljónir. Veikindaleyfi spila þar stóran þátt en skólinn fær ekkert auka vegna þeirra. Það kallar á aukinn samdrátt. Fjarnemendum hefur fækkað aðeins um leið og dagskólanemendum fjölga og það á að gera reksturinn hagkvæmari. Skólinn þarf að vinna úr hallanum. ME verður með 310 ársnemendur áfram.

5. Önnur mál

- a) Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra ásamt starfsmönnum og fulltrúum Múlaþings heimsóttu skólann í janúar.
- b) Fundur var haldinn á Reyðarfirði með Ásmundi Einari Daðasyni mennta- og barnamálaráðherra ásamt fulltrúum VA, Múlaþings, Fjarðabyggðar og atvinnulífsins um verk- og iðnnám. ME hafði lýst yfir vilja til að taka þátt í að efla það og gefa nemendum aukin tækifæri á Austurlandi og um leið að svara þörfum atvinnulífsins. Þar er þá hugað að grunninum í náminu. Á fundinum mælti ráðherra fyrir því að vinna tilraunaverkefni um grunnnám í iðn- og verknámi, verkefnastýrt nám með aðkomu fyrirtækja. Í framhaldinu sendi ME póst á fjóra framhaldsskóla með ósk um samstarf um slíkt nám. Svör hafa borist frá þremur skólunum. Á þessum fundi var ákveðið að skólameistarar ME og VA hittist á fundi með framkvæmdastjóra Austurbrúar. Sá fundur hefur verið boðaður á mánudaginn.
- c) Næsti fundur er miðvikudaginn 12 apríl.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.00


Skúli Björn Gunnarsson



Magnús Jónsson



Sigrún Birna Björnsdóttir



Stefán Bogi Sveinsson



Þuríður Lillý Sigurðardóttir

